

Fiskeldisfréttir

Fiskeldisfréttir - Ýtt úr vör

Tilgangurinn með útgáfu Fiskeldisfrétta er að miðla fjölbættum upplýsingum um fiskeldi á Íslandi. Lögð verður höfuðáhersla á efni sem ekki er að finna í almennum fréttamiðlum. Markmið með Fiskeldisfréttum er að:

- Kynna niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna innan fiskeldis.
- Greina frá nýju fræðsluefni og öðru lesefni um fiskeldi sem er að finna á vefnum.
- Gera grein fyrir áhugaverðum íslenskum vefsíðum um fiskeldi.
- Kynna fyrirhugaðar ráðstefnur og aðrar samkomur þar sem málefni fiskeldis eru á dagskrá.
- Greina frá breytingum í stjórnsýslunni s.s. útgáfu á nýjum lögum og reglugerðum er tengjast fiskeldi.
- Kynna annað efni sem eru til hagsbóta fyrir þróun íslensks fiskeldis.

Stefnt er að því að Fiskeldisfréttir verði gefnar út á u.þ.b. þriggja mánaðar fresti. Með útgáfu Fiskeldisfrétta verður að finna á einum stað það helsta sem er að gerast í greininni, stutt kynning á efninu og vísað á slóð á veraldarvefnum þar sem frekari upplýsinga er að finna.

Öllum er heimilt að senda inn efni í Fiskeldisfréttir en haft skal til viðmiðunar:

- að hámarks lengd á hverri kynningu er hálf blaðsíða af texta og ein mynd ef það á við.
- Einnig skal fylgja með slóð á veraldarvefnum þar sem frekar upplýsingar er að finna þegar það á við.

Alþjóðleg ráðstefna í maí

Ráðstefna er á ensku og heitir „Innovation in the Nordic Marine Sector“. Hún verður haldin á Radisson SAS Hotel Saga þann 12 maí. Haldin verða fjölmörg erindi um ýmiss málefni sjávarútvegs og einnig fiskeldis.

Slóð: www.yourhost.is

Bleikjuráðstefna í haust

Stefnt er að því að halda norræna bleikjuráðstefnu hér á landi um miðjan október. Það er Landsamband fiskeldisstöðva ásamt norrænum samstarfsaðilum sem heldur ráðstefnuna. Nánar verður sagt frá dagskrá og nákvæmri tímasetningu í næstu Fiskeldisfréttum.

Sjálfrán þorsks í sjókvíum

Þorskurinn hefur lengi verið þekktur fyrir að éta allt það sem að kjaft kemur, þ.m.t. sína bræður og systur. Á meðal spekinga hér á landi og erlendis hefur oft verið miðað við að bráðin þurfi að vera minna en 50% af lengd afræningja. Það virðist sem svo að þorskurinn þekki ekki sín mörk sem læðir menn hafa sett honum. Hjá Brim fiskeldi ehf. sem nýlega er hætt starfsemi hefur komið í ljós að þorskurinn étur sína bræður og systur sem eru rétt aðeins styttri en afræninginn eins og fram kemur á myndum hér að neðan.




Eldisþorskur í sjókvíum hjá Brim fiskeldi ehf. étir annan þorsk sem var aðeins minni en afræninginn (Ljósmynd: Sævar Þór Ásgeirsson).



Búið að draga horaðan eldisþorsk upp úr kjafti afræningja úr sjókví hjá Brim fiskeldi ehf. (Ljósmynd: Sævar Þór Ásgeirsson).

Framleiðsla á seiðum sjávarfiska 2008

Í starfskýrslu Fiskistofu 2008 er gefið yfirlit yfir framleiðslu í eldi sjávarfiska. Þar kemur m.a. fram: „Á árinu voru framleidd 93 þúsund þorskseiði og 40 þúsund sandhverfuseiði sem öll fóru í áframhaldandi eldi innanlands. 336 þúsund lúðuseiði voru framleidd á árinu hjá Fiskey og fóru 90% þeirra til áframeldis í Noregi en 10% fóru í áframhaldandi eldi innanlands. Háafell ehf. á Nauteyri sendi frá sér 157 þúsund seiði til áframhaldandi eldis innanlands“. Starfskýrslu Fiskistofu 2008 er að finna á slóðinni: www.fiskistofa.is/skjol/utg_efni/Starfskyrsla_2008.pdf



Framleiðsla í íslensku fiskeldi á árunum 2000 til 2008.

Framleiðsla á matfiski

Landsamband fiskeldisstöðva (www.lfh.is) tekur árlega saman framleiðslu í matfiskeldi á Íslandi. Á árinu 2008 voru framleidd tæp 5.000 tonn, mest af bleikju um 3.000 tonn. Á árinu 2009 er áætlað að framleiða rúm 5.000 tonn. Ef sú spá gengur eftir hefur lítil sem engin aukning verið í framleiðslu í íslensku fiskeldi þrjú ár í röð.

Vefurinn fiskeldi.is lagður niður á árinu

Fyrirhugað er að leggja niður vefinn fiskeldi.is seinna á árinu. Mikið af efninu hefur verið flutt yfir á vef sjávarútvegsráðuneytisins (www.fisheries.is) og einnig hefur vefur AVS sjóðsins (www.av.s.is) tekið miklum framförum á síðustu árum og er nú að finna góða kynningu á niðurstöðum R&Ð verkefna. Vefurinn fiskeldi.is hefur verið rekinn af Fiskeldishóps AVS allt frá 2003. Á síðustu árum hefur dregið jafnt og þétt úr starfsemi hópsins og er orðið tímabært að leggja niður vefinn m.a. til að draga úr kostnaði.

Eins og kemur fram hér að ofan er búið að flytja megnið af efninu yfir á aðra vefi, en það sem eftir stendur verður flutt yfir á vef Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. (www.sjavarutvegur.is). Jafnframt er vonast til að með útgáfu þessa fréttabréfs dragi ekki úr upplýsingamiðlun til greinarinnar þó vefurinn fiskeldi.is verði lagður niður.

Undirritun samnings um rannsóknir og kynbætur á bleikju

Mánudaginn 20. apríl undirrituðu Steingrímur Sigfússon sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Skúli Skúlason rektor Háskólans á Hólum samning um stuðning landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins við kynbætur á eldisbleikju. Samningurinn hjóðar upp á árlegt 14 milljón króna framlag og er til fimm ára (2010-2015). Þeir fjármunir eru þegar fyrir hendi og kalla því ekki á aukin ríkisútgjöld. Bleikjueldi hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum og í dag er



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra horfir stoltur á það sem Einar Svavarsson hefur afrekað á síðustu tveimur áratugum.

framleiðsluverðmæti bleikju um 2 milljarðar á ári. Góðir möguleikar eru á að auka framleiðsluna enn frekar í nánustu framtíð. Sjá namar á slóðinni: <http://www2.holar.is/>

Niðurstöður R&Ð verkefna

Á undanförunum árum hefur verið gefið yfirlit yfir rannsókn- og þróunarverkefni (R&Ð) á fiskeldi.is. Nú er stefnt að því að gefa þetta yfirlit í Fiskeldisfréttum á næstu árum. Fyrir tímabilið janúar til mars 2009 er þetta yfirlit að finna á fiskeldi.is.

Vinnufundur, föngun á þorski

Dagana 15-16 apríl var haldinn vinnufundur um föngun á þorski til áframeldis í Reykholti í Borgarfirði. Fundurinn var liður í Þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunar. Á vinnufundinn mættu 22 manns, verkefnistjórar þorskeldisfyrirtækja, sjómenn, veiðafærasérfræðingar og fulltrúar úr stjórnsýslunni. Nokkur af erindunum sem haldin voru á fundinum og myndir er að finna á slóðinni: www.fiskeldi.is/frettir/2009/13.09.html



Mynda af þátttakendum á vinnufundi um föngun á þorski, Fosshótel í Reykholti, 15-16 apríl.